

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

Ísafirði

Tillaga um breytingu á aðalskipulagi. Fuglatjörninn.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar er í endurskoðun og vill undirritaður leyfa sér að senda inn tillögu um gerð tjarnar í Skutulsfirði. Tjörninn myndi gegna þríþættu hlutverki.

1. Aðstaða fyrir fuglalíf á sumrin.
2. Skautasvell/opið svæði á veturna.
3. Losunarsvæði fyrir efni úr dýpkun Ísafjarðarhafnar.

Varðandi lið 1 er á svæðinu ofan vegar lítil tjörn sem vaðfuglar sækja í yfir varptíma og á sumrin. Magn fugla á litlu svæði er slíkt að Vegagerðin hefur haft fyrir venju að setja upp sérstakt aðvörunarskilti á svæðinu áður en varptími hefst til að vara við umferð fugla á veginum. Þessi tjörn sem þarna er nú var skert verulega þegar göngustígur var lagður inn í fjörð á sínum tíma.

Með því að gera stóra tjörn sjávarmegin við veginn væri ekki bara stækkað búsvæði þessara vaðfugla heldur einnig gert ákjósanlegt svæði fyrir kríu til varps, en krían hefur komið sér upp varpsvæði á Tunguskeiði sem er gangandi vegfarendum töluvert til ama og börnum jafnvel ekki óhætt að leika sér úti á svæðinu fyrir ágangi hennar. Má reikna með að krían flytti sig, þar sem styttra er í fæðu af nýrri sandfjöru sem myndi fylgja tjörninni. Í þessu ljósi er lagt til að bakki tjarnarinnar yrði nokkuð breiður, allavega á köflum, til að tryggja landrými fyrir kríuna. Á þessum hluta væri hægt að dreifa mól yfir sandinn bæði til að binda hann og einnig kýs krían heldur mól en sand sem varpsvæði.

Aðflug að flugbrautinni er yfir skíðaveginum og síðan yfir núverandi varpsvæði kríunnar. Það myndi líklega minnka hættu á árekstrum milli flugvélaumferðar og fugla að skapa þessa aðstöðu fyrir kríuna.

Varðandi lið 2 er ráð fyrir því gert að út í tjörnina renni ferskvatn úr læknum neðan Seljalands. Sé vatnið ósalt og grunnt mun það leiða til þess að tjarnaryfirborðið mun auðveldlega frjósa að vetrarlagi og verða náttúrulegt skautasvell. Grunnt vatn minnkar líka slyshættu sem gæti stafað af því að börn fari út á of þunnan ís. Þá getur verið gönguleið eftir bakkanum og fólk sem gengur sér til heilsubótar getur auðveldlega gengið í hring umhverfis tjörnina utan varptíma fugla.



Mynd 1- Yfirlitsmynd af svæðinu sem um ræðir.

Gert er ráð fyrir aðkomu að tjörninni við fyllinguna framan við Steiniðjuna en aðkoma gæti einnig verið að innanverðu en er erfiðari þar vegna plássleysis, þar sem bakki tjarnarinnar þarf að koma á milli Tunguár og læksins. Þó væri mögulegt að auka pláss þar með því að leiða lækinn eitthvað til austurs áður en hann rennur út í tjörnina.

Útfall úr tjörninni gæti verið austan megin undir göngubrú til að tryggja sem mest vatnaskipti, líka mætti skoða að hafa aðra brú að vestanverðu sem yrði þá með þrengri farvegi í þeirri hæð sem æskilegt er talið að tjarnaryfirborðið verði í.

Varðandi lið 3 - einungis þyrfti að marka innri línur bakka með því að moka til efni á staðnum og síðan yrði dælt sandi utan á bakkann þannig að hann myndi náttúrulega fjöru. Hólmarnir yrðu myndaðir þannig að í bakkana væri notað efni grafið upp innan hólmans og fyllt í holuna með grófu undirlagi og síðan jarðvegi ofan yfirborðs. Nauðsynlegt væri að vinna þann hluta verksins utan varptíma.

Til að toppa verkið væri síðan gaman að staðsetja mjóan göngustíg innan til á bakkanum og setja upp lágreista ljósastaura, svipaða og eru á göngustígnum utan við Fjarðarstrætið og e.t.v. nokkra bekki.

Eins og hugmyndin er rissuð upp yrði stærsti hringur sem hægt er að skauta tæpir 2 km. Mesta lengd tjarnarinnar væri 900 metrar og mesta breidd 400 metrar. Að sjálfsögðu gæti tjörnin verið minni í sniðum en hugmyndin er að sá hluti sem er næst fyllingunni við bryggjuna framan við Steiniðjuna gæti einnig verið stækkaður og sett þar fleiri bílastæði og bekkir til að hafa góða aðkomu að svæðinu. Þar sem bakkinn er teiknaður mjóstur er hugmyndin að verði göngubrú og væri hægt að setja við hana upplýsingaskilti og aðvörun um að ganga ekki um svæðið á varptíma.

Varðandi lögun bakkans í kring um tjörnina mætti líka hugsa sér eftirgerð af upprunalegri lögun Eyrarinnar í smækkaðri mynd.

Ef af þessu verður legg ég til að tjörninni verði gefið nafnið Fuglatjörnin enda er hún greiðsla á skuld sem við stöndum í við fuglana eftir að gamla tjörnin var tekin undir veg og göngustíg.

Ísafirði 21.12 2020

  
Björn Davíðsson.